

Herferðir fyrir íslenskan markað haustið 2020

Upplifðu leyndarmál Norðurlands: Samstarfsfyrirtæki MN hafa tækifæri til að vekja athygli á sér og kynna áfangastaðinn Norðurland, með því að segja frá sínu fyrirtæki í mjög stuttu máli og deila leyndarmáli með öðrum. Leyndarmálin geta snúist um staði, mat, afþreyingu eða hvaðeina annað sem er til þess fallið að vekja athygli á Norðurlandi.

Framkvæmd – fulltrúi fyrirtækis sendir inn texta og mynd af sjálfum sér, sem Markaðsstofan tekur síðan saman og birtir í samræmdu útliti sem verður búið sérstaklega til fyrir þetta herferð.

Leyndarmál verða sett inn á samfélagsmiðla tvisvar í viku að lágmarki fram að jólum, með möguleika á framlengingu. Á heimasíðunni verða öll leyndarmál birt strax og þau eru tilbúin til birtingar

Miðlar – Instagram, Facebook og nordurland.is

Hvataferðir fyrirtækja: Ráðleggingar um staði sem henta til að taka á móti litlum og meðalstórum fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu, sem vilja fara saman í stutt ferðalög til að skemmta sér saman eða til að efla starfsandann.

Framkvæmd – Sent út á fyrirtækjapóstlista sem verða keyptir sérstaklega í þessum tilgangi. MN býr til tillögur að svona ferðum og birtir einnig tillögur sem berast frá samstarfsfyrirtækjum.

Miðlar – Tölvupóstur og nordurland.is

Upplifðu Norðurland: Í október er stefnt að því að fullkláruð útgáfa af vefnum Upplifðu.is verði tilbúin, en þar geta notendur raðað saman áfangastöðum og afþreyingum eftir eigin höfði til að undirbúa sitt ferðalag um Ísland. Vefsíðan býr svo til myndband með stuttum klippum af öllum áfangastöðum og afþreyingu sem notendur geta deilt með öðrum. MN mun keyra sérstakar auglýsingar og færslur í tengslum við þetta, til viðbótar við herferð sem Tjarnargatan útfærir en það fyrirtæki hannar vefsíðuna og kerfið á bakvið hana.

Framkvæmd – Sérstakar færslur búnar til sem snúast um ákveðin þemu sem ekki er búið að skilgreina nákvæmlega, en munu tengjast náttúru, afþreyingu og fleiru í norðlenskri ferðaþjónustu.

Miðlar - Upplifdu.is, Facebook

Herferðir fyrir erlendan markað haustið 2020

Talk of the Town: Athygli vakin á þéttbýliskjörnum Norðurlands með stuttum myndböndum, sem eru birt á samfélagsmiðlum og heimasíðu MN. Verkefnið hefur verið í gangi frá ársbyrjun 2020 og klárast í janúar 2021.

Framkvæmd - Þrisvar í viku er birt efni sem tengist kjörnunum. Fyrst myndband og svo myndir með texta og tenglum inn á síðu viðkomandi kjarna á vefsvæðinu northiceland.is.

Miðlar – Facebook, Instagram, YouTube og vefsvæði.

Through an Icelanders eyes: Myndir frá íslenskum ljósmyndurum sem teknar eru á Norðurlandi. Sett í samhengi við að fólk hefur að undanförunu mest getað ferðast innanlands, bæði hér á Íslandi en einnig á okkar lykilmörkuðum. Fáum kvót frá þeim um Norðurland til að setja með.

Framkvæmd – Þrjár myndir verða birtar á einni viku og til að byrja með verða vikurnar samtals fjórar í október og nóvember. Með þeim öllum fylgja tenglar inn á nordurland.is þar sem hægt verður að sjá fleiri myndir frá öðrum ljósmyndurum.

Miðlar – Instagram og Facebook

Norðurljós: Norðurljósmyndir verða keyptar frá norðlenskum ljósmyndurum til að bæta í myndabanka MN og þær svo birtar á miðlum MN og auglýsingum hjá Google. Ferðapjónustufyrirtæki hafa dregið úr kaupum á auglýsingum almennt og þar með talið auglýsingum á norðurljósum, sem hafa verið eitt helsta aðdráttarafl Norðurlands árum saman. Til að mæta þessu ástandi þarf MN að gefa enn frekar í sínar auglýsingar til að tapa ekki þeim árangri sem hefur náðst í markaðssetningu, í of miklum mæli.

Framkvæmd: Auglýsingar keyrðar nokkuð stöðugt á Google og Facebook. Auk þess verða færslur birtar á samfélagsmiðlum að minnsta kosti einu sinni í viku meðfram öðrum herferðum. Allar auglýsingar verða tengdar við northiceland.is

Miðlar: Google og Facebook

Ísland

Mánuðir	September					Október				Nóvember				Desember			
Vika	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52
Leyndarmál Norðurlands																	
Hvataferðir fyrirtækja																	
Upplifðu Norðurland																	
Jól																	

Erlendir markaðir

Mánuðir	September					Október				Nóvember				Desember			
Vika	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52
Talk of the Town																	
Eyes of the Icelander																	
Norðurljós																	